

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

97

16. des.

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920,
sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á stjórnarskipunarlög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. málgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málgr., svo hljóðandi: Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnarskipunarlögum Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnarskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

98

16. des.

um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjafi 29. des. 1924,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Forsætisráðherra dr. juris Björn Þórðarson fer með öll þau mál, er samkvæmt konungsráðgjafi 29. des. 1924 heyra undir forsætisráðherra, nema utanríkismál. Auk þess fer hann með kirkjumál, heilbrigðismál, — þar undir sjúkrahús og heilsu-
hæli, — svo og tryggingamál, sveitarstjórnarmál, — þar undir fátækramál og atvinnubótafé.

Utanríkis- og atvinnumálaráðherra Vilhjálmur Þór fer með utanríkismál og þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherrum.

Dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einar Arnórsson fer með öll þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherra.